

16.02.2011:

## Úthlutun styrkja til úrbóta á ferðamannastöðum

Ferðamálastofa hefur tekið ákvörðun um úthlutun styrkja vegna úrbóta á ferðamannastöðum fyrir árið 2011. Alls hlutu 28 verkefni styrk að heildarupphæð 33 milljónir króna.

### Mörg áhugaverð verkefni

Alls bárust 178 umsóknir, sem er nokkur fækkun frá fyrra ári. Heildarupphæð sem sótt var um var um 330 milljónir króna en til úthlutunar að þessu sinni voru 33 milljónir króna, sem fyrr segir. Umsóknir voru almennt mjög vel vandaðar og verkefnin áhugaverð. Því reyndist sérlega erfitt að velja á milli en sem sjá má var aðeins hægt að verða við broti af umsóknum.



### Samtals 28 verkefni styrkt

Alls hlutu 28 verkefni styrk og allmennt séð má segja að talsvert hafi verið veitt í hönnun og undirbúning framkvæmda að þessu sinni. Að meðaltali er hver styrkupphæð heldur hærrí en verið hefur undanfarin ár en hæsta styrkinn, 6 milljónir króna vegna tveggja verkefna, fékk félagið Vinir Þórsmerkur vegna hönnunar göngubrúa yfir Markarfljót og viðhald göngustíga í Goðalandi. Auk þeirra 33 milljóna sem komu til úthlutunar má geta þess að fjármunir voru settir í eins konar viðbragðssjóð sem hugsaður er fyrir aðstæður sem kynnu að skapast á komandi sumri.

Styrkjum vegna úrbóta á ferðamannastöðum hefur verið úthlutað árlega frá 1995 og var þetta því í 17. skipti. Á þessum tíma hefur Ferðamálastofa varið yfir 700 milljónum króna til framkvæmda á um 300 stöðum á landinu.

Listi yfir styrkþega er hér að neðan.

## Ferðamálastofa - Styrkir til úrbóta á ferðamannastöðum 2011

Nr.	Heiti verkefnis	Nafn styrkþega	Styrkur
1	Aðgengi ehf	Gottadgengi.is - Ísland fyrir alla	1.200.000
2	Á Sturlungaslóð	Fosslaug	300.000
3	Borgarfjarðarhreppur	Borgarfjörður eystri - Fræðslu- og upplýsingaskilti	400.000
4	Fannborg ehf	Kerlingarfjöll - áhættumat og aðgerðaáætlun	250.000
5	Ferðafélag Snæfellsness	Miklabraut - Gönguleið á Snæfellsnesi	500.000
6	Ferðafélagið Útivist	Gassalerni á Fimmvörðuhálsi	250.000
7	Ferðamálasamtök Suðurnesja	Upplýsingaskilti við Gunnhver	1.000.000
8	Ferðaþjónustan Hólmi - Brunnhóll, ferðaþjónusta bænda	Göngubrú yfir Hólmsá við Fláajökul í Austur Skaftafellssýslu	1.400.000
9	Fjallabyggð	Aðgengi um allan bæ - útilíf og affreying fyrir alla	500.000
10	Fjarðabyggð	Hönnun og skipulag fyrir Hólmanes fólkvang og friðland - Áhersla á aðgengi	500.000
11	Framfarafélag Flateyjar	Bætt ferðamannaástaða í Flatey á Breiðafirði	3.000.000
12	Hönnunarmiðstöð Íslands	Vandaðir ferðamannastaðir - Sjálfbær ferðaþjónusta	2.500.000
13	Katla Jarðvangur ses.	Öryggi og upplýsingar í Katla Geopark Project	2.000.000
14	Landeigendur Reykjahlíðar ehf.	Leirhnjúkur-göngustígar og pallar - Verklok, frágangur og kynning	500.000
15	Landmótun sf.	Ferðamannahringvegur - Svalvogaleið og Hrafnseyrarheiði	500.000
16	Lúðvík B. Ögmundsson / Húseigendur í Hlöðuvík	Lagfæring á ferðamannaástöðu í Hlöðuvík á Hornströndum	300.000
17	Ólafsdalsfélagið	Fræðslustígur í Ólafsdal – fyrri áfangi.	250.000
18	Ósafell ehf.	Stefnumót við Vatnsnes	1.200.000
19	Rangárþing eystra	Tröppur við Seljalandsfoss	2.000.000
20	Sjálfsbjörg á Suðurlandi	Heilsárs náðhús í Haukadal	1.500.000
21	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Þjórsárdalur Umhverfi og úrbætur	500.000
22	Skútustaðahreppur	Hlið á göngustíg milli Hverfjalls/(Hverfells) og Dimmuborga	50.000
23	Vatnavinir Vestfjarða / Penna ehf. - Hótel Flókalundur	Hellulaug við Flókalund - í snertingu við sjóinn	1.500.000
24	Vatnavinir Vestfjarða / Ferðaþjónustan Reykjanesi	Reykjanes - Vatn og veisla	2.000.000
25	Vesturbyggð	Látrabjarg - Heildarskipulag svæðis	2.000.000
26	Vinir Þórsmerkur	Göngubrú yfir Markarfljót	4.000.000
27	Vinir Þórsmerkur	Viðhald gönguleiða í Þórsmörk og Goðalandi	2.000.000
28	VSÓ Ráðgjöf og Skútustaðahreppur	Hjólaleið umhverfis Mývatn	900.000

